

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 4. mars 2021 í máli nr. 106/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 9. október 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið haldin galla og krefst endurgreiðslu. Þá telur sóknaraðili að varnaraðili hafi krafist fullrar greiðslu fyrir þjónustu sem ekki var veitt og hafi forsendur því brostið fyrir samningssambandinu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 12. október 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann 16. október árið 2020. Athugasemdir við andsvör varnaraðila bárust frá sóknaraðila þann 18. október 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemdum sóknaraðila, staðfesting á skráningu dóttur sóknaraðila í tónlistarnám hjá varnaraðila, staðfesting á skráningu sonar sóknaraðila í tónlistarnám hjá varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum sóknaraðila og varnaraðila, svo og staðfesting á greiðslu sóknaraðila til varnaraðila.

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili skráði börn sín í tónlistarnám hjá varnaraðila. Sótt var um tónlistarnám fyrir byrjanda á trommur fyrir dóttur sóknaraðila og greitt staðfestingargjald að fjárhæð 15.000 krónur. Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi gert mistök við skráningu dóttur sinnar í tónlistarnám og krefst endurgreiðslu staðfestingargjaldsins. Sonur sóknaraðila, sem er 11 ára gamall, hefur einnig stundað tónlistarnám hjá varnaraðila þar sem hann hefur lært á þverflautu. Hóf hann tónlistarnám við þennan tónlistarskóla haustið 2019 og hélt áfram vorið 2020. Sóknaraðili skráði son sinn aftur haustið 2020. Sóknaraðili bendir á að nemendum við skólann sem eru níu ára eða eldri sé boðið að sækja tíma í tónfræðigreinum samhliða náminu. Sonur sóknaraðila hafi hins vegar ekki fengið að mæta í tónfræðitíma haustið 2019 eða vorið 2020. Þá hafi sóknaraðili sérstaklega krafist þess að sonur hennar fengi að mæta í tónfræðitíma við skráningu í námið um haustið árið 2020. Hann hafi hins vegar ekki verið boðaður í tónfræðikennslu án sérstakrar aðkomu sóknaraðila auk þess sem tímar hafi fallið niður. Krefst sóknaraðili endurgreiðslu á staðfestingargjaldi fyrir tónlistarnám sonar síns að fjárhæð 15.000 krónur auk þess að

varnaraðila verði gert að skila frístundastyrk sem var greiddur vegna náms sonar sóknaraðila að fjárhæð 50.000 krónur. Þá krefst sóknaraðili endurgreiðslu á helmingi þeirra skólagjalda sem greidd voru fyrir námsárið 2019 til 2020 þar sem sonur sóknaraðila fékk ekki tónfræðikennslu samhliða tónlistarnáminu. Gjaldið var alls að fjárhæð 175.000 krónur og nemur krafa sóknaraðila því 87.500 krónum. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að hún hafi skráð átta ára dóttur sína í tónlistarnám á trommur hjá varnaraðila. Áður hafi hún stundað nám við forskóla tónlistarskólans en því námi hafi verið lokið árinu áður. Varnaraðili hafi hins vegar ekki skráð hana í trommunám heldur aftur í forskólann án þess að sóknaraðila væri tilkynnt um það. Sóknaraðili hafi því greitt staðfestingargjaldið fyrir trommunám dóttur sinnar en ekki nám við forskólann. Það hafi ekki verið fyrr en 19. ágúst árið 2020, fimm dögum fyrir upphaf skólans, að sóknaraðili áttaði sig á skráningunni þegar sóknaraðila barst tölvupóstur frá kennara forskólans til foreldra nemenda. Svaraði sóknaraðili póstinum og benti á að dóttir sín hafi ekki verið skráð í forskólann og óskaði eftir endurgreiðslu staðfestingargjaldsins. Varnaraðili hafi ekki fallist á það. Samkvæmt reglum skólans er staðfestingargjaldið ekki endurgreitt ef nemandi hættir við námið. Sóknaraðili bendir á að dóttir sín hafi hins vegar ekki hætt við grunnám á trommur heldur hafi hún ekki verið skráð í það nám sem sótt var um.

Sonur sóknaraðila var skráður í nám á þverflautu haustið 2020 og hafði einnig stundað námið í tvær annir frá hausti árið 2019 fram á vorönn árið 2020. Í reglum varnaraðila segir að „[s]amhliða hljóðfæranámi sækja nemendur, 9 ára og eldri, tíma í tónfræðagreinum.“ Sonur sóknaraðila var ekki boðaður í tónfræðikennslu fyrsta námsárið. Við skráningu haustið 2020 var hann 11 ára og kveðst sóknaraðili hafa krafist þess að honum yrði boðin tónfræðikennsla samhliða náminu. Sóknaraðili segir að starfsmaður varnaraðila hafi í upphafi veitt rangar upplýsingar og fullyrt að sonur sóknaraðila ætti ekki rétt á tónfræðinámi þar sem hann væri aðeins í hálfu námi á þverflautu. Síðar hafi komið í ljós að það var ekki rétt. Sonur hennar hafi hins vegar ekki verið boðaður í tónfræðitíma fyrr en sóknaraðili gerði athugasemd við það. Þá hafi fyrsti tíminn, sem hann gat raunverulega mætt í, átt að vera þann 1. október eða sex vikum eftir að önnin hófst. Sóknaraðili telur að forsendur samningsins við varnaraðila hafi brostið þegar syni hennar var ekki veitt tónfræðikennsla líkt og eigi að felast í tónlistarnáminu.

Sóknaraðili bendir á að í samskiptum við varnaraðila hafi henni verið tilkynnt að staðfestingargjald sé óafturkræft en þar sem sonur hennar væri í námi við skólann yrði gjaldið nýtt til greiðslu fyrir tónlistarnám hans. Sóknaraðili hafi því greitt 30.000 krónur en skólagjald fyrir fimm vikur í hálfu námi sé að fjárhæð 16.710 krónur. Hafi sóknaraðili því ofgreitt 13.290 krónur og bauðst varnaraðili til að endurgreiða þá fjárhæð. Sóknaraðili hafði einnig ráðstafað frístundastyrk fyrir son sinn til greiðslu námsins en varnaraðili benti á að samkvæmt reglum um frístundastyrk sé hann óafturkræfur og verði því ekki endurgreiddur. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi því innheimt mun hærra gjald fyrir þjónustuna en hún hafi átt að kosta í fimm vikur að meðtöldum frístundastyrknum. Sóknaraðili tekur fram að endurgreiðsla hafi ekki borist frá varnaraðila að fjárhæð 13.290 krónur.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum bendir varnaraðili á að talið hafi verið að dóttir sóknaraðila muni venju samkvæmt halda áfram í sama tónlistarnámi. Hafi því verið send krafa í heimabanka sóknaraðila fyrir staðfestingargjaldinu. Greiðsla sóknaraðila hafi staðfest þann skilning að dóttir sóknaraðila muni hefja aftur nám um haustið. Hafi dóttir sóknaraðila átt að halda áfram námi í forskólanum haustið 2020 í ljósi aldurs hennar. Þá hafi verið ljóst og í samræmi við venju að dóttir sóknaraðila muni ekki hefja nám á trommur í fulltri stærð aðeins 8 ára gömul. Sóknaraðila hafi verið kunnugt um það. Sóknaraðili hafi hins vegar tilkynnt varnaraðila þann 24. ágúst 2020 að dóttir hennar muni ekki halda áfram í náminu. Sóknaraðila hafi verið tilkynnt að staðfestingargjaldið væri óafturkræft samkvæmt reglum varnaraðila en að unnt yrði að nýta gjaldið í greiðslu fyrir nám sonar sóknaraðila. Hafi það verið sóknaraðila til hagsbóta því annars hefði sóknaraðila borið að greiða varnaraðila sömu fjárhæð fyrir nám sonar sínar og staðfestingargjald dóttur hennar yrði tapað fé.

Varnaraðili bendir á að sonur sóknaraðila hafi stundað nám hjá varnaraðila í eitt ár og ekki sótt tíma í tónfræði á þeim tíma. Varnaraðili tekur fram að tónfræðinámi barna í grunnnámi taki um tvö ár eða fjórar annir í tónlistarskóla hér á landi. Þurfi nemendur einungis að klára það nám á einhverju tímabili áður en þeir taka grunnpróf, sem er klárað á þremur til fjórum árum í fullu námi. Sonur sóknaraðila hafi verið skráður í hálf nám og því megi tvöfalda árafjöldann. Hafi því ekki legið á að hefja tónfræðikennslu í hans tilviki og venju samkvæmt að beðið sé með upphaf tónfræðikennslu. Jafnvel sé beðið þar til seinnihluta námsins þar sem oft geti verið nóg fyrir börn að læra aðeins á hljóðfærið sjálft í upphafi. Reynslan sýni að það geti virkað fráhrindandi og flókið fyrir ung börn að vera strax sett í tónfræðitíma. Börn byrji því yfirleitt ekki í tónfræði á fyrsta námsárinu og stundum ekki fyrr en á þriðja ári. Mat á því hvenær hvert og eitt barn byrji í tónfræði sé almennt í höndum kennara varnaraðila og hafi ávallt verið þannig. Sonur sóknaraðila hafi verið skráður í tónfræði þegar komið fram fram á annað námsár hans, en fyrir hafði farist að boða hann í fyrsta tímum. Hann hafi því verið boðaður í annann tíma annarinnar en sá tími, ásamt þeim þriðja, hafi fallið niður vegna andláts í fjölskyldu tónfræðikennarans. Um lögmæt forföll hafi verið að ræða sem foreldrar og nemendur hafi sýnt skilning. Varnaraðili telur ljóst að sonur sóknaraðila hafi ekki verið hlunnfarinn um tónfræðikennslu og ekki hafi verið um vanefnd að ræða. Frá upphafi starfa varnaraðila fyrir rúmum þremur áratugum hafi foreldrar og nemendur ávallt verið sátt við það fyrirkomulag að tónfræðikennsla hefjist ekki endilega á fyrsta námsárinu heldur fari eftir mati kennara í samræmi við getu og framvindu hvers og eins nemanda í námi. Sambærilegt fyrirkomulag tíðkist einnig í öðrum tónlistarskólum hér á landi.

Varnaraðili tekur fram að sóknaraðili hafi greitt samtals 30.000 krónur í staðfestingargjöld fyrir börn sín auk þess að nýta frístundastyrk frá Reykjavíkurborg að fjárhæð 50.000 krónur í þágu sonar síns. Samkvæmt b. lið 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um Frístundakort sé ráðstöfun þess endanleg og ekki hægt að „endurgreiða eða bakfæra styrk ef foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrk til félags á grundvelli Frístundakorts.“ Það sé því ljóst að styrkurinn verði ekki endurgreiddur. Einnig liggi fyrir samkvæmt reglum varnaraðila að staðfestingargjald sé ekki endurgreitt enda þurfi að nýta gjaldið við rekstur skólans, ráðningu kennara, launagreiðslur o.fl. Í greiðslukröfu vegna gjaldsins kom fram að um óafturkræft gjald sé að ræða þó nemandi hætti við.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila bendir sóknaraðili á að í reglum varnaraðila komi fram að boðið sé upp á forskóla „fyrir börn á fyrsta og öðru ári

grunnskóla“. Dóttir sóknaraðila sé í þriðja bekk og hvergi komi fram að það taki tvö ár að ljúka forskólanámi. Telur sóknaraðili skráðið af varnaraðila að halda því fram að dóttir hennar hafi verið skráð í forskólann samkvæmt venju í stað þess að vera skráð í trommunám. Í þeim tónlistarskólum sem sóknaraðili þekki til geti börn í fyrsta og öðrum bekk almennt ekki hafið nám á hljóðfæri en geti þess í stað skráð sig í forskólann. Ef barn í þriðja bekk sækir um hljóðfæranám þurfi það hins vegar ekki fyrst að fara í forskólann. Þá bendir sóknaraðili á að í umsóknarferlinu hafi verið unnt að sækja um trommunám fyrir dóttur hennar og hafi henni því ekki getað verið kunnugt um að dóttir hennar gæti ekki sótt um í trommunám. Sóknaraðili bendir á að í greiðslukröfu vegna staðfestingargjaldsins komi ekki fram fyrir hverju greiðslukrafan var heldur aðeins að um eina kröfu að fjárhæð 30.000 krónur sé að ræða. Ekki var unnt að greiða staðfestingargjald fyrir eitt barn í einu og kveðst sóknaraðili hafa gert ráð fyrir að börn sín hefðu bæði fengið samþykka umsókn sína um tónlistarnám. Sóknaraðili bendir á að í reglum á heimasíðu varnaraðila komi hvergi fram að heimilt sé að ráðstafa staðfestingargjaldi eins barns til greiðslu fyrir nám annars barns.

Sóknaraðili segir rangt að sonur hennar hafi verið í hálfu námi frá hausti 2019 til vors árið 2020. Hann hafi verið í fullu námi. Þá bendir sóknaraðili á að varnaraðili starfi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla. Þar komi fram að tónfræðigreinar séu skyldunámsgreinar. Þar segi einnig „Almennt er miðað við að nemendur, sem hefja nám í hljóðfæraleik 8 til 9 ára gamlir, ljúki grunnnámi í tónfræðagreinum á um það bil þremur árum“ og „Eðlilegt er að nemendur, sem hefja tónlistarnám á aldrinum 6–8 ára, ljúki grunnprófi á aldrinum 10–12 ára“. Sonur sóknaraðila hafi verið í forskóla í tvö ár í öðrum tónlistarskóla, þar hafi hann einnig lært á blokkflautu í þriðja bekk og þverflautu í fjórða bekk áður en hann hóf nám hjá varnaraðila í fimmta bekk. Varnaraðila hafi verið kunnugt um það. Nú hafi hann lokið tveimur heilum árum í hljóðfæraleik og kveðst sóknaraðili því ekki átta sig á andsvörum varnaraðila. Samkvæmt rökum varnaraðila eigi sonur hennar að hafa fengið tónfræðikennslu á seinasta námsári. Sóknaraðili bendir á að þjónustan sem samið er um sé í samræmi við það sem gefið er út af þjónustuveitandanum og í tilviki varnaraðila hafi komið fram að nemendur níu ára og eldri sækji tíma í tónfræðagreinum. Telur sóknaraðili óeðlilegt að varnaraðili telji sig geta auglýst tónfræðikennslu fyrir ákveðinn aldurshóp einu sinni í viku án þess að veita þjónustuna.

Sóknaraðili bendir á að samkvæmt heimasíðu varnaraðila sé greiðslum skipt í þrennt og skólagjöld innheimt í byrjun september, nóvember og í febrúar. Eftir fimm vikur hafi varnaraðili hins vegar verið búinn að innheimta 68% af skólagjaldi fyrir son hennar. Tekur sóknaraðili fram að hún hefði ekki ákveðið að láta frístundastyrk sonar hennar renna til varnaraðila ef hún hefði vitað að umsamið þjónusta yrði ekki veitt. Sóknaraðili tekur einnig fram að hún hafi ekki fengið póst þar sem fram kom að börn hennar hefðu verið samþykkt í það nám sem sótt var um. Hafi umsókn dóttur sóknaraðila til að mynda ekki verið samþykkt þann 8. júní árið 2020 þrátt fyrir að sóknaraðili hafi verið krafín um greiðslu staðfestingargjalds þann 30. apríl.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili á dóttur og son sem bæði hafa stundað tónlistarnám hjá varnaraðila. Dóttir sóknaraðila stundaði nám við forskóla varnaraðila skólaárið 2019 til 2020. Sóknaraðili sótti um nám fyrir dóttur sína á trommur hjá varnaraðila fyrir haustönn árið

2020. Við upphaf skólaársins varð sóknaraðila ljóst að umsókn dóttur hennar um trommunám hafi ekki verið samþykkt og að dóttir hennar hefði verið skráð aftur í forskóla varnaraðila. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu staðfestingargjalds að fjárhæð 15.000 krónur þar sem dóttir sóknaraðila hafi ekki verið skráð í það nám sem sótt var um.

Varnaraðili hefur bent á að á heimasíðu hans komi skýrlega fram að staðfestingargjald verði ekki endurgreitt. Á heimasíðu varnaraðila segir að „[s]taðfestingargjald sem greitt er að vori dregst frá skólagjaldinu en ef nemandi hættir við er staðfestingargjaldið óafturkræft.“ Í umsókn fyrir dóttur sóknaraðila til varnaraðila, um að hefja nám á trommur, kom m.a. fram að hún hafi áður verið í forskóla varnaraðila. Þá kom fram að dóttir sóknaraðila væri að ljúka öðrum bekk og að fara í þriðja bekk. Sóknaraðili greiddi staðfestingargjöld fyrir bæði börn sín samkvæmt greiðsluseðli frá varnaraðila, dags. 30. apríl árið 2020.

Í reglum varnaraðila um forskólann kemur fram að hann sé ætlaður fyrir börn í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla. Verður þó ekki séð að reglur varnaraðila eða almenn venja hafi áhrif í málinu, enda var dóttir sóknaraðila að hefja nám í þriðja bekk grunnskóla við upphaf námsársins hjá varnaraðila haustið 2020. Ekkert liggur fyrir í málinu sem sýnir fram á að sóknaraðili hafi sótt um nám í forskóla varnaraðila fyrir dóttur sína fyrir haustönn ársins 2020. Þá liggur ekkert fyrir sem bendir til þess að sóknaraðila hafi verið veittar upplýsingar eða verið kunnugt um að hluti staðfestingargjaldsins væri vegna skráningar dóttur hennar í forskólann, í stað trommunáms í samræmi við umsókn sóknaraðila til varnaraðila. Verður því ekki séð að sóknaraðili hafi hætt við nám dóttur sinnar í skilningi reglna varnaraðila, eftir greiðslu staðfestingargjaldsins, þar sem hún var ekki skráð af hálfu varnaraðila í það nám sem sótt var um. Er því fallist á það með sóknaraðila að varnaraðila beri að endurgreiða henni staðfestingargjald að fjárhæð 15.000 krónur.

Sonur sóknaraðila stundaði fullt nám á þverflautu hjá varnaraðila skólaárið 2019 til 2020 og var einnig skráður í hálfu nám sem hófst um haustið árið 2020. Sóknaraðili hefur greitt varnaraðila alls 65.000 krónur vegna námsins á haustönn árið 2020, með greiðslu staðfestingargjalds að fjárhæð 15.000 krónur og ráðstöfun frístundastyrks til varnaraðila að fjárhæð 50.000 krónur. Sóknaraðili krefst endurgreiðslu með vísan til þess að forsendur skráningar í tónlistarnámið hafi verið að syni sóknaraðila yrði boðin tónfræðikennsla. Á heimasíðu varnaraðila sagði á þeim tíma að samhliða hljóðfæranámi sæki nemendur, „9 ára og eldri, tíma í tónfræðigreinum“. Sonur sóknaraðila var samkvæmt gögnum málsins ekki boðaður í tónfræðikennslu fyrsta skólaárið og gerði sóknaraðili að eigin sögn sérstaka kröfu um tónfræðinám við skráningu á haustönn 2020. Þegar skólaárið var hafið gerði sóknaraðili athugasemd við að sonur hennar hafi ekki verið boðaður í tónfræðitíma þrátt fyrir að kennsla hefði farið fram. Var syni sóknaraðila í kjölfarið boðið að mæta í næsta tónfræðitíma sem varð þó ekki fyrr en þann 1. október árið 2020 þar sem tveir tímar þar á undan féllu niður af óviðráðanlegum orsökum.

Samkvæmt reglum varnaraðila er staðfestingargjald ekki endurgreitt ef hætt er við nám. Þá liggur fyrir að sonur sóknaraðila hóf námið og nýtti sér þjónustu varnaraðila að hluta þar til ákvörðun var tekin um að hætta námi. Syni sóknaraðila var samhliða boðin þátttaka í tónfræðitímum, þó boðið hafi borist eftir að einn tími var liðinn eftir ábendingu sóknaraðila. Verður því ekki fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu með vísan til vanefnda varnaraðila á að veita tónfræðikennslu á haustönn árið 2020.

Sóknaraðili krefst einnig endurgreiðslu að fjárhæð 87.500 krónur, sem nemur helmingi greiddra skólagjalda fyrir son sóknaraðila vegna námsársins 2019 til 2020, þar sem umsamin tónfræðikennsla hafi ekki verið veitt. Á heimasíðu varnaraðila sagði um tónfræðigreinar fyrir upphaf námsársins 2019 til 2020 að „[n]emendur í grunn- og

miðstigi fá einn tíma á viku í tónfræði og tónheyrn.[...]“. Kennsla varnaraðila var á heimasíðunni sögð í samræmi við Aðalnámskrá tónlistarskóla um tónfræðagreinar. Í aðalnámskránni er ekki mælt fyrir um tiltekinn aldur nemenda við upphaf tónfræðanáms en samkvæmt almennu viðmiði, sem er þó ekki einhlítt, ljúka nemendur, sem hefja hljóðfæranám 8 til 9 ára gamlir, grunnprófi í tónfræðum á þremur árum.

Um nám á þverflautu segir á heimasíðu varnaraðila að „[n]emendur sem hefja nám á þverflautu þurfa að vera orðnir 8 til 9 ára gamlir. Æskilegt er að þeir hafi lokið forskólanámi. Þverflautunámið fer fram í einkatímum tvisvar í viku 30 mín í senn. Nemendur spila eftir nótum og smám saman kynnast þeir perlum tónbókmenntanna frá ólíkum tímum.“ Samkvæmt heimasíðu varnaraðila fá nemendur í grunnámi samhliða kennslu í tónfræði og tónheyrn. Varnaraðili starfar samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla en þar er mælt fyrir um það almenna viðmið að nemendur sem hefji tónlistarnám á aldrinum 8 til 9 ára ljúki grunnnámi í tónfræðagreinum á um það bil þremur árum, þó sá tími sé alls ekki einhlíttur. Ekki er mælt fyrir um ákveðinn aldur við upphaf tónfræðakennslu. Syni sóknaraðila var boðin tónfræðakennsla á öðru námsári sínu hjá varnaraðila, þó seint hafi verið. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hljóðfærakennsla varnaraðila hafi verið meginefni þjónustunnar og samnings málsaðila. Bendir ekkert til annars en að sá hluti þjónustunnar hafi verið veittur án annmarka. Er því ekki unnt að líta á það sem vanefnd samningsins í heild að syni sóknaraðila hafi ekki verið boðin tónfræðikennsla á fyrsta námsári sínu hjá varnaraðila eða að hljóðfærakennslan hafi haft minni þýðingu fyrir son sóknaraðila af þeim sökum. Þá verður einnig að líta til þess að grunnnám í tónfræðum tekur almennt skemmri tíma en grunnnám á hljóðfæri og því ekki óeðlilegt að tónfræðanámið hefjist síðar en hljóðfæranámið. Liggur ekki annað fyrir en að sonur sóknaraðila hefði fengið fullnægjandi tónfræðakennslu í samræmi við lengd hljóðfæranámsins ef náminu hefði verið haldið áfram haustið 2020. Þá verður ekki fram hjá því litið að ekki verður séð að sóknaraðili hafi óskað eftir tónfræðikennslu veturinn 2019-2020 þrátt fyrir að það hafi átt að vera forsenda fyrir samningi við varnaraðila. Þá óskaði hún ekki eftir afslætti vegna skorts á tónfræðikennslu fyrr en mörgum mánuðum eftir að kennslu veturinn 2019-2020 lauk. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila um afslátt af skólagjöldunum.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 15.000 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 15.000 krónur, sbr. 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson